

Mál nr. 65/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.****Váttryggingartaki (X)****Slysahtugtak váttryggingaréttar. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot dags. 6. febrúar 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 18. mars 2025 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 19. júní 2023, er hann var að störfum í þágu X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að hann hafi verið að færa til og lyfta þungu rafmagnsrúmi þegar hann flæktist í snúru með þeim afleiðingum að hann féll við og fékk slink á bakið. M hafi leitað á heilsugæslu daginn eftir en M tali litla íslensku og afar litla ensku. Hafi hann lýst slysinu og einkennum sínum en skráning um atvik í sjúkraskrá hafi verið stuttorð og ónákvæm. Þar hafi aðeins komi fram að M hafi verið að lyfta þungri byrði. Við síðari komur á heilsugæslu hafi skráning þó verið ítarlegri hvað atvik varði. Byggir M á því að skoða verði fyrstu skráningu í sjúkraskrá, sem vissulega hafi verið ónákvæm, í samhengi við önnur málsgögn og með tilliti til þess að það sem þar komi fram sé ekki í ósamræmi við atvikalýsingu í tjónstilkynningu og öðrum gögnum. Þrátt fyrir óvinnufærni M frá slysdegi og fram til 13. október 2023 hafi slysið þá ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins svo sem skylt sé samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Verði X að bera hallann af sönnunarskorti sem af því hljótist. Í málskoti kemur þá einnig fram að eigandi X og yfirmaður M, Y, hafi sýnt honum sérstaka óvild í kjölfar slyssins og hafi m.a. neitað að greiða M laun í veikindaforföllum og á meðan á uppsagnarfresti stóð, en M hafi verið sagt upp í kjölfar slyssins. Þá hafi Y kært M til lögreglu fyrir tilraun til líkamsárásar. Lýsing Y á því atviki eigi sér enga stoð í raunveruleikanum og hafi kæran verið lögð fram í því skyni að fá M til að falla frá kröfu um vangoldin laun. Hafi Y þá neitað að skrifa undir tilkynningu til Sjúkratrygginga. Verði að skoða lýsingar X á atvikum í ljósi þessarar óvildar, en t.a.m. sé alls ósannað að eiginkona M hafi ekki sagt hann slasaðan, heldur veikan, enda hafi hún aldrei haldið því fram í samskiptum við X að ekki væri um vinnuslys að ræða. M hafi tilkynnt V um slysið hinn 27. júlí 2023 og þar, og í tilkynningu til Sjúkratrygginga, hafi atvikum verið lýst með sama hætti og í málskoti. V hafi hafnað bótskyldu með vísan til þess að ekki væri sannað að um slys í skilningi váttryggingaréttar hafi verið að ræða.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að samkvæmt skilmálum viðeigandi váttryggingar sé slys skilgreint sem skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Telur V að ekki liggi fyrir nein samtímagögn sem sýni fram á að M hafi orðið fyrir slysi samkvæmt framangreindri skilgreiningu. Samkvæmt X hafi M tilkynnt um veikindi í sms-skilaboðum 19. júní 2023. Fjórum dögum síðar hafi hann svo sent verkstjóra hjá X vottorð um vinnuslys sem enginn hafi vitað af. Daginn eftir, eða 24. júní, hafi verkstjórinn hringt í M og talað við konu hans, sem hafi sagt að um þursabit væri að ræða en ekki vinnuslys. M hafi svo aftur mætt til starfa 26. júní en tilkynnt veikindi að nýju 29. júní. Hinn 4. júlí hafi hann aftur komið til starfa en ráðningarsambandi aðila hafi lokið 10. júlí 2023. Í ljósi þess að X hafi ekki vitað af meintu slysi verði það ekki metið því til sakar að rannsókn Vinnueftirlitsins á tildrögum þess hafi ekki farið fram. Starfsmaður stéttarfélags M hafi sent X tölvupóst dags. 11. júlí 2023 þar sem gerð var krafa um laun vegna vinnuslyss. Sú lýsing atvika sem þar komi fram samræmist ekki fyrrgreindri skilgreiningu slysahtuktaksins. X hafi ekki undirritað tilkynningu til Sjúkratrygginga enda geti starfsmenn þess ekki staðfest að atvik hafi verið þau sem M haldi fram. Af öllu framansögðu er það afstaða V að bótaréttur sé ekki til staðar.

Álit.

M byggir kröfu sína um bætur úr slysáttryggingu launþega á því að hann hafi, hinn 19. júní 2023, orðið fyrir slysi í skilningi váttryggingaréttar við störf sín í þágu X. Samkvæmt almennum sönnunarreglum hvílir það á M að sýna fram á tjón sitt og atvik að baki því, þ.e. að tjón hans megi rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar. M byggir á því að þar sem Vinnueftirlitin hafi ekki verið tilkynnt um slys M

verði X að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem leiði af því að rannsókn á tildrögum slyssins hafi ekki átt sér stað. Eins og mál þetta horfir við nefndinni verður að telja ósannað hvenær M tilkynnti X um að hann hefði orðið fyrir slysi, en t.a.m. liggur ekki fyrir hvað kom fram í sms-skilaboðum sem M sendi er hann tilkynnti X um fjarveru sína. Á grundvelli þess verða ekki talin efni til að víkja frá almennum sönnunarkröfum á grundvelli þess að rannsókn Vinnueftirlitsins hafi ekki farið fram.

Engin vitni voru að umþrættu atviki. Fyrir liggur tilkynning til Sjúkratrygginga, dags. 14. ágúst 2023. Kemur þar fram að M hafi slasast um kl. 13 hinn 19. júní 2023 og farið að finna fyrir verkjum þá um kvöldið. Atvikinu er lýst svo að M hafi verið að færa til rúm og hafi flækst með fót í snúru og fengið slink á sig. Framangreind tilkynning er undirrituð af M en ekki X. Verður því að líta á hana sem einhliða frásögn sem sett er fram af hálfu M en ekki sönnun þess að atvik hafi verið með tilteknum hætti. Í tjónstilkynningu M til V dags. 27. júlí 2023 segir að M hafi verið að færa til rafmagnsrúm, hafi flækst í snúru og fallið við það.

Samkvæmt fyrirbyggjandi sjúkraskrá leitaði M á heilsugæslu 20. júní 2023. Í samskiptaseðli vegna þeirrar komu segir að M sé með verk í baki og hafi hann komið til er M lyfti þungri byrði. Fékk M þá gefið út vottorð vegna fjarvista til 23. júní 2023. Í vottorðu um óvinnufærni vegna tímabilsins 29. júní 2023 til 3. júlí 2023 segir að M hafi fengið áverka „við að lyfta þungu“. Í kjölfarið átti M nokkur samskipti við heilsugæslu vegna einkenna frá baki og undirgekkst m.a. skoðun í tengslum við útgáfu áverkavottorðs hinn 8. ágúst 2023. Í skráningu vegna þeirrar komu segir í lýsingu á orsökum slyssins að M hafi verið að færa þungt rúm við vinnu og flækst í snúru og fengið slink á bakið. Sömu lýsingu er að finna í læknisvottorðum heilsugæslunnar til Sjúkratrygginga dags. 8. ágúst og 13. september 2023.

Einnig er fyrirbyggjandi tölvupóstur frá stéttarfélagi M, dags. 11. júlí 2023, þar sem sett er fram krafa fyrir hönd M um greiðslu launa í veikindaforföllum og uppsagnarfresti. Kemur þar fram að M hafi fengið „tak í bakið við það að lyfta þungum hlut í vinnu...“.

Óumdeilt er að það að fá tak í bakið við átak er ekki slys í skilningi ofangreindrar skilgreiningar, þ.e. ekki er um skyndilegt utanaðkomandi atvik að ræða, heldur verður slíkt tjón rakið til innra ástands eða veikleika tjónþola. Af öllu framansögðu má þá ráða að samtímagögn vegna atviksins beri ekki með sér að um slys hafi verið að ræða. Svo til álita komi að byggja á síðar til komnum lýsingum verða að mati nefndarinnar að koma til frekari gögn sem styðji þá atvikalýsingu.

Það hvílir á M að sýna fram á að atvik sem uppfylli skilyrði slyshugtaks vátryggingaréttar hafi átt sér stað og leitt til þess líkamstjóns sem hann rekur til þess. Samkvæmt öllu framansögðu leikur vafi á því að slík sönnun hafi tekist. Verður M eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 8. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir